

# Kennsluáætlun í íslensku sem annað mál, stig A2

Mánuður	Helstu markmið	Verkefni og viðfang	Kennsluefni – aðföng	Mat - hæfnimat
Ágúst	Upprifjun af stigi A1: Að geta kynnt sig, sagt frá sér og lýst útliti fólks.	Spyrja og svara einföldum spurningum um sjálfan sig og aðra. Spurnarorð. Nokkrar algengar sagnir sem tengjast þessu efni.	Íslenska fyrir alla 2 Kafli 1	
September	Að geta sagt frá búsetu sinni, hafa orðaforða yfir algeng húsgögn og raftæki og háar tölur.  Að þekkja rétta orðaröð. Að geta sagt frá algengum daglegum athöfnum.	Segja frá og spyrja: Hvar býrð þú? Hvaða húsgögn eru í herberginu þínu? Hvaða raftæki áttu? Hvað vantar þig? Hvað kostar...? Hvað gerðir þú? Hvert fórstu? Hvað ætlar þú að gera? Á mánudaginn – á mánudögum.	Íslenska fyrir alla 2, kaflar 2-3.  Vefurinn <i>Skólablaðið</i> á <a href="http://mms.is">mms.is</a> (hluti).	Könnun úr kafla 1-3: - útlit - heimilið - orðaröð - daglegar athafnir
Október	Að átta sig á að sagnorð stýra föllum og kunna þolfall algengustu beygingarflokka no.	Sagnir, reglur 1, 2 og 3, í nútíð. Þolfall nafnorða. Í skólann – í skólanum (hreyfing og kyrrstaða).	Íslenska fyrir alla 2, kafla 3-4.	
Nóvember	Staðarforsetningar. Að geta talað um árstíðirnar og veðrið.	Viltu koma með mér? Hvernig er veðrið?	Íslenska fyrir alla 2, Kafli 4.	Könnun úr kafla 4: - hvar, hvert, hvernig? - í skólann/skólanum - veðrið - árstíðir
Desember	Að þekkja algengar íslenska jólahefðir og geta í mjög einföldu máli sagt frá jólunum eða öðrum hátíðum í heimalandi sínu. Að geta talað um eigin líðan.	Jólasveinarnir, jólamatur, „gleðileg jól“. Mig langar í...		

# Kennsluáætlun í íslensku sem annað mál, stig A2

Janúar	Upprifjun og mat			Próf, munnlegt, hlustun og skriflegt úr köflum 1-4.
Febrúar	Að geta talað um áhugamál, framtíðarsýn	Ég hef áhuga á... Mig langar að... Ég ætla að... Skemmtilegt, þreytandi, leiðinlegt, spennandi... Lo. um líðan, skap og lundarfar. Þátíð algengra sagna.	Íslenska fyrir alla 2, Kafli 5	
Mars	Að geta talað íslensku í verslunum og beðið um aðstoð.	Lh.þt. Hefur þú...? Get ég...? Algengar setningar til að nota í samskiptum við verslunarfólk.	Íslenska fyrir alla 2, Kafli 6 (hluti)	Könnun úr köflum 5-6: - áhugamál - líðan - hjálparsagnir+ - lh.þt.
Apríl	Að geta beðið um frí, tilkynnt veikindi og talað um heilsufar. Hjálparsagnir.	Ég þarf. Má ég? Get ég? Mér er illt.	Íslenska fyrir alla 2, Kafli 7	
maí	Að geta svarað í símann, tekið strætó og talað við fólk í afgreiðslustörfum. Að geta sagt hvert maður hefur farið. Þátíð sterkra sagna og lh.þt.	Hefur þú farið til...? Að spyrja eftir einhverjum í síma, svara og taka skilaboð.	Íslenska fyrir alla 2, Kafli 8	Könnun úr námsefni vetrarins.